

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 43/2019

2019/EES/57/14

frá 29. mars 2019

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/225 frá 6. febrúar 2019 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 að því er varðar umráðendur loftfara sem Bretland er tilgreint sem ábyrgðaraðildarríki fyrir ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 21as (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/2009) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 0225**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/225 frá 6. febrúar 2019 (Stjtíð. ESB L 41, 12.2.2019, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/225, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. mars 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. mars 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 41, 12.2.2019, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.